

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks og tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum

Knattspyrnusamband Íslands hefur fengið ofangreindar tillögur að þingsályktunum til umsagnar. Þar sem tillögurnar eru af sama meiði þykir rétt að gefa sameiginlega umsögn um þær báðar.

Tillagan sem merkt er 81. mál hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að móta heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum í samvinnu við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og sveitarfélögin. Stefnan verði tímasett samhliða því að tryggður verði fjárhagslegur stuðningur við afreksfólk.

Ráðherra leggi fram á Alþingi tímasetta stefnu um afreksfólk í íþróttum fyrir 1. júní 2021.“

Tillagan sem merkt er 116. mál hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp til laga um launasjóð fyrir afreksíþróttafólk í einstaklings- og hópíþróttum. Tilgangur sjóðsins verði að auka fjárhagslegt öryggi afreksíþróttafólks og auka möguleika þess á að helga sig íþróttaiðkun sinni. Ráðherra leggi frumvarpið fram eigi síðar en á 152. löggjafarþingi.“

Stjórn KSÍ tekur undir efni tillagnanna og mælir með því að þær verði samþykktar. Af þessu tilefni er vert að taka fram:

1. Heildstæð stefna um afreksfólk í íþróttum er löngu tímabær og launasjóður fyrir afreksfólk er mikilvægur þáttur í þeirri stefnumótun. Verður að gæta þess að þetta nái einmitt bæði til iðkenda í einstaklings- og hópíþróttum.
2. Minnt er á mikilvægi þess að samþykkt verði frumvarp um skattalega hvata fyrir félög sem starfa til almannaheilla. Slíkur stuðningur gerir íþróttahreyfinguna betur í stakk búna til þess að sinna í senn grasrótar- og æskulýðsstarfi sem afreksstarfi.
3. Glæsilegur árangur íslensks íþróttafólks við misjafnar aðstæður á að vera Alþingi hvatning til þess að styðja við íþróttafólk með beinum hætti en ekki síður að tryggja aðstöðu og mannvirki sem standist alþjóðlegar kröfur.
4. Öflugt afreksstarf og glæsilegur árangur á sviði íþróttar skilar margföldum ávinningi inn í samfélagið bæði beint og óbeint.
5. Minnt er á að mikilvægt er að tryggja jafnrétti þegar fjallað er um réttindi íþróttafólks og möguleika þeirra á að nýta samfélagsleg úrræði. Má þar m.a. nefna stöðu íþróttakvenna sem ganga með og fæða börn, stöðu íþróttamanna sem sjálfstæðra verktaka og launamanna og reglur um möguleika íþróttafólks á stuðningi hins opinberra vegna meiðsla.
6. Vonast er eftir góðu samráði íþróttahreyfinguna í heild sinni svo að lagasetningin verði sem best og skilvirkust fyrir alla hlutaðeigandi.

Virðingarfyllst f.h. KSÍ

Guðni Bergsson
Formaður

Klara Bjartmarz
Framkvæmdastjóri